



SKÓLANÁMSKRÁ

GRUNNSKÓLA ÖNUNDAFJARÐAR

Endurskoðuð í nóvember 2024

Ábyrgð: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

Um skólann.....	3
Markmið og stefna Grunnskóla Öfundarfjarðar í skólastarfi.....	4
Grunnþættir menntunar	5
Sjálfbærni	5
Heilbrigði og velferð	6
Læsi.....	8
Sköpun.....	9
Jafnrétti	11
Lýðræði og mannréttindi.....	11
Námsmat	12
Námsgögn.....	12
Heimavinna.....	13
Innra og ytra mat.....	13
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf	14
Samstarf heimila og skóla.....	14
Annað samstarf	14
Samstarf við leikskólann Grænagarð	14
Aðrir litlir skólar	14
Skíðasvæði.....	15
Leikfélag Flateyrar	15
Rauði krossinn	15
List fyrir alla	15
Skáld í skólum.....	15
Barnamenningarhátíð.....	15
Skógræktarfélag Öfundarfjarðar	15
Héraðsbókasafnið	16
Slökkvilið.....	16
Samstarf við nærsamfélagið.....	16
Foreldrafélag	16
Hefðir og venjur.....	16
Skólasetning	16
Útivist	17
Skólabúðir í Reykjaskóla	17
Íþróttahátíðir	18

Jólafondur.....	18
Litlu jól.....	18
Upplestrarkeppnin í 7. bekk.....	18
Árshátíð.....	18
Skólasýning-opinn dagur.....	19
Skólaslit.....	19
Áætlanir skólans.....	19
Móttökuáætlun nýrra nemenda.....	19
Móttökuáætlun erlendra barna.....	20
Móttökuáætlun barna með sérþarfir.....	21
Forvarnaráætlun.....	22
Eineltisáætlun.....	23
Rýmingaráætlun.....	27
Slysatrygging.....	28
Jafnréttisáætlun.....	28
Námsmat.....	29
Stefna og markmið - starfsmenn.....	29
Áfallaáætlun.....	32
Skólareglur.....	35

Um skólann

Grunnskóli Önundarfjarðar er við Tjarnargötu á Flateyri. Rekstur hans er í höndum Ísafjarðarbæjar. Í upphafi skólaársins 2024-2025 eru nemendur 10 á aldrinum 6-13 ára í 1. 3. 4. 5. 6. og 8. bekk.

Núverandi skólahús á Flateyri var tekið í notkun haustið 1961. Þar örskammt frá er gott íþróttahús ásamt sundlaug. Sparkvöllur, körfuboltavöllur og steypt plan fyrir skautasvell er við skólahúsið. Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsinu frá október til maí en mestmegnis utandyra í byrjun skólaárs og á vorin. Í skólahúsinu er lítið bókasafn en einnig er skólinn í samstarfi við bókasafn Grunnskólans á Ísafirði og Héraðsbókasafnið á Ísafirði.

Árið 1903 var skólahús byggt og barnaskóli stofnaður á Flateyri. Húsið var að Grundarstíg 14, við hliðina á rafstöð Orkubús Vestfjarða. Þess má geta, að það var ekki fyrr en árið 1933 sem götunum á eyrinni voru formlega gefin nöfn eins og við þekkjum þau. Í fyrstu voru tvær kennslustofur auk geymslu fyrir bækur og kennslubúnað. Árið 1913 var rúmgóður íþróttasalur byggður við húsið. Árið 1936 var hluti hans tekinn undir vatnslósett en fram að því var notast við kamra á skólalóðinni.

Eftir að íþróttasalurinn kom til sögunnar gegndi gamli skólinn mörgum hlutverkum í samfélaginu á Flateyri. Þar voru almennar leiksýningar og söngskemmtanir, þar voru haldnir fyrirlestrar og þar var kjörstaður Flateyringa. Þar var eins konar útfararkapella eftir að kirkjugarðurinn var vígður árið 1915 og þar var messað þangað til kirkjan var byggð árið 1936. Eftir að samkomuhúsið við Grundarstíg var byggt árið 1936 fluttist íþróttakennslan þangað. Síðast var kennt í gamla skólahúsinu við Grundarstíg vorið 1961.

Fyrsta skólaárið (1903-1904) voru í skólanum 25 nemendur í fjórum árgöngum og var þeim kennt í tveimur hópum. Þá bjuggu um 200 manns á Flateyri. Með lengingu skólaskyldu fjölgaði árgöngum í áranna rás og auk þess fjölgaði nemendum vegna fólksfjölgunar. Flestir munu íbúar Flateyrrar hafa orðið um 550 manns árið 1936 og aftur árið 1963. Þegar mest var munu nemendur hafa verið yfir 100 talsins í Barna- og unglingskólanum á Flateyri.

Helstu heimildir:

1. Samantekt Gunnlaugs Finnssonar, bónda og fyrrum alþingismanns á Hvilft, um skólalald á Flateyri í 100 ár (2003). Gunnlaugur kenndi við skólann samtals um þrjá áratugi.
2. Samantekt Guðvarðar Kjartanssonar, fyrrum bókara á Flateyri, um sögu Flateyrrahrepps í 70 ár (1992). Guðvarður kenndi við skólann um fimm ára skeið.

Markmið og stefna Grunnskóla Öfundarfjarðar í skólastarfi

Skólinn hefur sett sér að:

- ▶ Koma til móts við þarfir hvers og eins nemenda eins og kostur er.

-Það gerum við með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir sem höfða til mismunandi þroska, áhuga og getu nemendanna og með því að gera þá eins ábyrga fyrir eigin námi og kostur er.

- ▶ Auka gæði náms og kennslu með sífelldri endurskoðun og markvissri uppbyggingu.

-Það gerum við með því að kynna okkur nýtt námsefni, sækja námskeið og vera í sífelldri endurmenntun.

- ▶ Auka markvisst ábyrgð nemenda á námi, mætingu og hegðun.

- Það gerum við með því hjálpa nemendum að skilja tengslin milli fyrirhafnar og árangurs og hvetja þá til að leggja á sig vinnu til að ná markmiðum sínum og fyllast ábyrgð á eigin árangri.

- ▶ Koma á skilvirku samskiptakerfi á milli heimilis og skóla.

-Það gerum við með því að gera foreldrum ljóst strax á haustin hvers er ætlast til af þeim t.d. í sambandi við fatnað, fjarvistir, námsgögn, hreinlæti, hvíld og hegðun nemenda. Hafa reglulega fundi með foreldrafélagi skólans og vinna náið með foreldrum að öflugu skólastarfi. Ef einhver atvik koma upp verður strax haft samband við foreldra og málin leyst í sameiningu.

Grunnþættir menntunar

Aðalnámskrá grunnskóla (2011; 14–16) skilgreinir sex grunnþætti menntunar sem eru lagðir til grundvallar starfsemi skólastiganna þriggja, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Grunnþættirnir eiga að endurspeglar starfshætti, samskipti og skólabrag í stofnuninni.

Sjálfbærni

~Framtíðin er í okkar höndum~

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu.

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hér er einnig stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni.

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið að sjálfbærni með því að:

- flokka allt sorp sem til fellur
- vera með útikennslu
- vera með ræktun í gróðurkössum
- gróðursetja tré
- nýta efnivið úr umhverfinu í skapandi vinnu
- tína rusl í nágrenni skólans, t.d. á vorin
- halda umbúðanotkun í lágmarki

Heilbrigði og velferð

~Heilbrigði er grunnur að velferð til lífstíðar~

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Einnig þarf að vinna náið með foreldrum, heilsugæslu og aðilum úr nærumhverfinu því að slík samvinna er forsenda þess að góður árangur náist.

Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Efla þarf færni þeirra í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun. Nauðsynlegt er að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan. Markmið þess er meðal annars að styðja börn og ungmenni svo að þau geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður

grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.

Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Allir þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið að heilbrigði og velferð með því að:

- vera með gott og heilsusamlegt mötuneyti
- nemendur komi með hollt og gott nesti
- nemendum sé boðið upp á hafragraut á morgnana
- nemendur drekki mjólk eða vatn
- vera með útikennslu
- vera með íþróttá- og sundkennslu
- nýta skautasvell, sparkvöll og körfuboltavöll í kennslu og frímínútum
- nemendur vinni verkefni tengd áhugasviði
- vera með fræðslu, ráðgjöf og eftirlit skólahjúkrunarfræðings
- vera með samvinnu á milli skólastiganna
- fara í skipulagðar gönguferðir
- hafa gott aðgengi að skólasálfræðingi
- fylgjast vel með líðan nemenda

Læsi

~Læsi er lífið sjálft~

Læsi er lífið sjálft og snýst um manneskjuna og menningarheim hennar og snýst ekki bara um tákinn heldur líka tilveru fólks. Það snýst um samband orðanna við lífið sjálft og það sem við köllum raunveruleikann og flest það sem við tökum okkur fyrir hendur. Lestrarnám snýst um tvennt; „að læra til að lesa“ og „að lesa til að læra“.

Hvers kyns læsi er margmiðlunarlæsi sem snýst um samverkan margra táknerfa. Læsi snýst um að gera nemendur læsa á alls kyns mál og þjálfna þá í að búa til ýmiss konar efni. Kunnátta og færni sem varðar læsi í víðum skilningi eins og myndlæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi, tölvulæsi, fréttalæsi, auglýsingalæsi,



menningarlæsi eða stafrænt læsi felst í færni fólks við að nota mörg táknerfi og miðla til að skapa merkingu og koma henni á framfæri. Læsi er sem sagt ekki bundið við málvísi í hefðbundnum skilningi heldur við táknvísi í víðum skilningi. Í læsi felst að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur kerfi tákna.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Stuðlað verður að aukinni ritun og almennum lestri bæði til fræðslu og yndisauka með því að:

- ✓ Nemandinn öðlist færni til að geta nýtt sér alla miðla sem í boði eru til þekkingar, ánægju og aukins þroska
- ✓ Nemandinn fái tækifæri til að efla færni sína í framsögu og tjáningu
- ✓ Nemandinn glími við allskonar efni og form og átti sig á því hlutverki sem hann gegnir sjálfur við að skapa merkingu þess
- ✓ Nemandinn geti náð eins langt á því sviði sem hugur hans stendur til og hæfileikar hans frekast leyfa

- ✓ Nemandinn læri og geti yfirfært aðferðir við lestur og ritun svo þær verði honum tamar og hann valið sér þá leið, það málsnið og stíl sem hentar hverju sinni
- ✓ Nemandinn fái að ígrunda eigin texta, segja frá efni hans og finna að aðrir hafi áhuga á honum
- ✓ Nemandinn fái að kynnst læsi í víðum skilningi á öllum stigum grunnskólans. Áhersla skal lögð á kennslu á margskonar læsi svo sem tölvu- og nettækni, tölu og fjármálalæsi

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið að markmiðum læsis í námi og kennslu með því að:

- Styðjast við fjölbreyttar kennsluaðferðir þannig að nemandinn komist á lestrarstig sem dugar honum öll skólaárin sem dæmi má nefna Byrjendalæsi.
- Nemendur lesi í 15 mínútur á hverjum degi í frjálsum lestri í skólanum auk þess að þjálfa lestur heima.
- Auka orðaforða nemenda með ýmsum fjölbreyttum aðferðum.
- Leggja mikla áherslu á góð samskipti nemenda og samvinnu.
- Hjálpa nemandanum til að sjá eigin styrkleika, verklagni, hugsunarhátt, siðferði og auka löngun til að vinna á skapandi hátt sífelld betur og betur
- Virða mismunandi menningarbakgrunn
- Vinna með margvíslegan og fjölbreyttan texta í mismunandi formi og miðlum
- Hvetja nemandann til að segja frá eigin myndum og lesa úr myndum annarra
- Efla söng og hlustun á fjölbreytta tónlist
- Fylgjast með fréttum og auglýsingum á opinn og gagnrýnninn hátt
- Nemandinn nýti sér ýmiskonar margmiðlun til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi

Sköpun

~Börn eru gullnáma – fáum gullið til að glóa~

Sköpun hefur verið skilgreind á fjölbreyttan máta, samkvæmt Aðalnámskrá (2011) felur hún í sér að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga sem og að virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun á að vera samtvinnuð öllu skólstarfi.

Sköpunin sem er samofin lífi og starfi og snýst um ótal úrlausnarefni og byggir á ímyndunarafli, áhuga, athygli, forvitni og gagnrýni nemandans þar sem vinnuferlið eða leiðin að settu marki hefur meira gildi fremur en niðurstaðan eða afraksturinn.

Markmiðið er að auka veg sköpunar í skólastarfi og stuðla að fjölbreyttu og kraftmiklu skólastarfi með því að:

- ✓ efla einstaklinginn og sjálfstæði hans og kjark til að þora að skapa og njóta eigin verka
- ✓ nemandinn fái tækifæri til að takast á við verkefni sem tengjast áhuga hans og getu
- ✓ nemandinn fái að njóta sín sem einstaklingur og sem hluti af heild í sköpun sinni
- ✓ nemandinn fái að nýta sér ímyndunarafl sitt og sköpunargáfu
- ✓ ýta við forvitni nemandans til að leita nýrra lausna með því að beita ímyndunarafli, sýna frumkvæði, vinna með öðrum eða sjálfstætt
- ✓ nemandinn sæki sér fróðleik og gögn á margbreytilegan hátt
- ✓ nemandi fái að nýta sköpunargáfu sína á fjölbreyttan hátt
- ✓ verk nemenda séu rædd af virðingu og sanngirni
- gefið sé rými fyrir sjónarmið, menningu og krafta allra til að frjóvga umræðuna og víkka sjóndeildarhringinn
- að kennarar séu í samvinnu við aðra kennara, foreldra og nærsamfélagið

Í Grunnskóla Önundarfjarðar er unnið að sköpun með:

- Að nemandinn fái við fjölbreytilegan efnivið og val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum
- Að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir og tilraunir, leik, samanburð, samskipti, flutning og miðlun
- Að skólaumhverfið sé hvetjandi og ýti undir forvitni nemenda og að þeir geri tilraunir
- Að hlustað sé eftir hugmyndum nemenda, skoðunum og tilfinningum
- Að virkja öll skynfæri nemenda og ýta undir samræður og gagnrýna hugsun, rýni og heilabrot með verkmennt, tónlist og upplýsingamennt
- Að nemandinn fái tækifæri til að taka þátt í mati á eigin verkum og framvindu náms
-

Jafnrétti

~Sameinuð náum við fram jafnrétti~

Jafnrétti felur í sér að allir standi jafnfætis óháð aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stöðu, trúarbrögðum, tungumáli, ætterni og þjóðerni. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Grunnskóli Öfundarfjarðar ætlar að stuðla að jafnrétti í öllu skólastarfi með því að við að haga skólastarfinu þannig að nemendur geti þroskast og ræktað hæfileika sína á eigin forsendum.

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið að lýðræði og mannréttindum með:

- aldursblöndun og samkennslu
- einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar
- því að leyfa ólíkri menningu og misjöfnum bakgrunni nemenda að njóta sín á jafnréttisgrunni
- kennslu um ólíka trúar- og menningarheima
- því að kenna nemendum að bera virðingu og umhyggju hvert fyrir öðru ásamt því að sýna traust í samskiptum
- því að gefa nemendum tækifæri til að læra um jafnrétti og fjalla um það frá sem flestum sjónarhornum

Lýðræði og mannréttindi

~Allir tilheyra félagahópnum~

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Lýðræði í skólastarfi miðar að því að gera nemendur færa um að taka afstöðu til siðferðislegra álitamála og gera þá virka í mótun samfélagsins. Það gera þeir með því að tileinka sér þau viðhorf, gildismat og siðferði sem lýðræði byggist á. Virðing, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til að hafa áhrif á lýðræði í skólastarfi með áherslu á samstarf og samveru.

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið að lýðræði og mannréttindum með:

- Umræðum um réttindi og skyldur barna
- Vali og áhugsviðsverkefnum
- Tækifærum til að kjósa um hluti
- Því að læra um samskipti í hóp , hlusta á aðra og geta sagt sína skoðun á kurteisan hátt
- Bekkjarfundum þar sem lögð er áhersla á virka hlustun, virðingu og skilning
- Móttökuáætlun sem auðveldar erlendum nemendum og fjölskyldum þeirra að koma í nýjar aðstæður og menningarheim (túlkþjónusta, myndrænn stuðningur ofl.)
- Umræðum um samfélagslega ábyrgð og hvað frelsi er
- Kynningu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Samræðum og samvinnu við foreldra við mótun skólans
- Því að nemendur eiga fulltrúa í skólaráði
- Hugmyndakassa nemenda og virku nemendaráði
- Nemendapingi
- Því að læra um félagsstörf og uppbyggingu lýðræðisins í samfélaginu
- Aðkomu nemenda að veigamiklum ákvörðunum er snerta skólastarfið

Námsmat

Skólaárið er ein samfelld heild. Í upphafi skólaárs halda umsjónarkennarar fundi með foreldrum og fara yfir helstu atriði skólaársins og þar á meðal hvernig námsmati er háttað og hvernig foreldrar geta fylgst með námsmati reglulega. Námsmat í Grunnskóla Öfundarfjarðar er unnið í mentor og safnast jafnt og þétt saman á hæfnikort nemenda. Hæfni sem fer inn á hæfnikort er metin út frá daglegri vinnu nemanda og hæfniviðmiðum tengdum ákveðnum verkefnum eða prófum ef við á. Námsmat að vori er með saman hætti, ekki eru sérstakir prófdagar. Vitnisburður er gefinn að vori. Nemendur yngsta og miðstigs fá vitnisburð sinn í umsögnum en vitnisburður á unglingastigi er í bókstöfum. Viðtöl eru í október og febrúar. Nemendastýrð viðtöl eru í þróun og er hluti viðtalanna nú nemendastýrður.

Námsgögn

Skólinn sér nemendum fyrir helstu námsgögnum, blýöntum, stikleðrum, litum, bókum og þess háttar. Nemendur hafa einnig spjaldtölvur og fartölvur til afnota við nám. Nemendur þurfa að eiga skólatösku, íprótta- og sundföt.

Heimavinna

Í Grunnskóla Öfundarfjarðar leggjum við áherslu á að lestrarþjálfun sé sinnt heima og að allir nemendur lesi heima í að minnsta kosti 15-20 mínútur á dag. Margir nemendur og foreldrar vilja meiri heimavinnu og geta þeir gert áætlun þar um í samráði við umsjónarkennara. Eðli málsins samkvæmt eru þó meiri kröfur á undirbúning náms heima á unglingastigi en hjá yngri nemendum og er heimalestur því oft tengdur ákveðnum námsgreinum. Heimavinnan ætti ekki að vera þungbær kvöð heldur ánægjuleg og örvandi samverustund sem gefur foreldrum jafnframt gott tækifæri til að fylgjast með námi og öðru í skólastarfi barna sinna, örva þau og hvetja. Reynslan sýnir að viðhorf, áhugi og hvatning þeirra geta skipt sköpum varðandi námsárangur. Í þeim fögum sem unnið er eftir áætlunum klára nemendur verkefni sín heima ná þeir ekki að fylgja áætlun sinni á skólatíma.

Innra og ytra mat

Markmið: Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samfið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Leiðir: Gæðagreinar, sjálfsmat nemenda og starfsfólks, könnun á líðan, þroskapróf, samræmd próf, viðhorfskönnun foreldra, Skólapúlsinn, starfsmannakönnun, SVÓT-greining, starfsþróunarviðtöl.

Mat: Starf skólans er metið reglulega allt árið. Stjórnendur, starfsfólk, skólaráð og stjórn foreldrafélagsins meta skólastarfið m.a. út frá niðurstöðum innra mats á sameiginlegum fundum að hausti og vori og koma með tillögur að úrbótum. Stjórnendur og starfsfólk funda reglulega eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats skal nýta til jákvæðrar þróunar skólans og koma leiðir til úrbóta koma fram í úrbótaáætlun eftir samráð starfsfólks og skólaráðs.

Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Skólinn skilar sjálfsmatsskýrslu að vori þar sem innra mat er tekið saman og kynntar leiðir til úrbóta ef þess gerist þörf.

Samstarf heimila og skóla

Gott foreldrasamstarf er lykilatriði í skólagöngu allra nemenda. Grunnskóli Önuðarfjarðar leggur áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda sinna. Fastir liðir í samstarfi þessara aðila eru fundir með foreldrum að hausti og viðtöl foreldra og kennara. Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann bæði til að líta við í kennslustundir og til að ræða við kennara barns síns. Umsjónarkennarar leitast við að eiga sem best samskipti við foreldra og nýta til þess tölvupóst, Mentor, síma og/eða hitta þá og ræða um námsframvindu og líðan barnsins. Þátttaka foreldra í viðburðum skólans er almennt mjög góð. Foreldrafélagið aflar sér fjár með því að sjá um kaffiveitingar á árshátíð skólans.

Annað samstarf

Samstarf við leikskólann Grænagarð

Grunnskólinn hefur í mörg ár átt í mjög góðu samstarfi við leikskólann og má þar nefna að 5 ára börnin koma í hverri viku í grunnskólann og taka þátt í starfi yngsta stigs fram að morgunmat, borða svo hafragraut og fara út í frímínútur áður en þau fara aftur í leikskólann. Í maí fara skólarnir saman í sólargöngu og enda hana í grillveislu og leikjum á leikskólalóðinni. Skólarnir halda sameiginlegt jólaball og hafa einnig verið með samstarf um aðkeyptar leiksýningar.

Aðrir litlir skólar

Grunnskólinn hefur átt í mjög góðu samstarfi við grunnskólana á Suðureyri og Þingeyri í mörg ár. Skólarnir hafa haft sameiginlega starfsdaga og hefur það reynst vel, t.d. í ýmissri þróunarvinnu. Einnig hafa skólarnir lánað bækur á milli þar sem mikil samkensla er í skólunum og sumar bækur ekki kenndar nema annað eða þriðja hvert ár. Þessir þrjú skólar ásamt Súðavíkurskóla hafa verið með íþróttahátíð fyrir 1.-7. bekk sem þeir skipast á að sjá um.

Skíðasvæði

Það er farið að lágmarki einu sinni að vetri á skíði og hefur verið gott samstarf við starfsmenn skíðasvæðisins þar sem þeir hafa skipulagt skíðadag fyrir alla skólana.

Leikfélag Flateyrar

Leikfélag Flateyrar hefur nýlega verið endurvakið en í gegnum árin hefur samstarf skólans við leikfélagið verið gott. Leikfélagið hefur aðstoðað við árshátíð skólans og nemendur hafa aðstoðað leikfélagið við þeirra uppfærslur. Það er vilji stjórnar leikfélagsins og skólans að endurvekja þetta samstarf.

Rauði krossinn

Nemendur í 10. bekk fara á skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða krossins í lok skólaárs.

List fyrir alla

List fyrir alla er íslenskt menningarverkefni sem tryggir öllum grunnskólabörnum jafnan aðgang að listum og menningu, óháð búsetu. Verkefnið býður upp á fjölbreytta listviðburði, svo sem tónlist, dans, leiklist og myndlist, í samstarfi við listamenn og skóla. Viðburðir eru skipulagðir um allt land og eru ókeypis fyrir þátttakendur.

Skáld í skólum

Skáld í skólum er verkefni sem miðar að því að kynna grunn- og framhaldsskólanemendum íslenskar bókmenntir og höfundana á bak við þær. Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að hitta skáld, heyra þau lesa upp verk sín og taka þátt í skapandi vinnustofum sem efla ritfærni, sköpunargleði og áhuga á bókmenntum.

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð er árleg hátíð sem fagnar sköpunargleði og menningu barna og ungmenna. Hátíðin býður upp á fjölbreytta viðburði þar sem börn eru bæði þátttakendur og áhorfendur, með áherslu á að efla listræna tjáningu, sköpun og þátttöku þeirra í menningarlífinu.

Skógræktarfélag Önundarfjarðar

Skógræktarfélagið hefur nýlega verið endurvakið en áður fyrr fóru skólinn og skógræktarfélagið saman í Klofningskóg og grisjuðu þar og nýtti skólinn efnivið úr þeirri vinnu. Við gerum ráð fyrir góðu samstarfi við nýja stjórn Skógræktarfélagsins.

Héraðsbókasafnið

Grunnskólinn er í góðu samstarfi við bókasafnið á Ísafirði og fara kennarar reglulega og fá lánaðar bækur.

Slökkvilið

Skólinn og slökkviliðið vinna saman að brunavörnum. Þær felast í því að taka þátt í árlegum brunavörnum þriðju bekkinga og æfa rýmingu í skólanum.

Samstarf við nærsamfélagið

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir eru fastir liðir í skólastarfinu. Árshátíð skólans og kaffihús skipa stóran sess í skólastarfinu og koma margir bæjarbúar til að horfa á og sjá afrakstur nemenda. Skólinn er með opinn dag á vorin og er þá öllum velunnurum skólans boðið að koma í heimsókn.

Foreldrafélag

Í Grunnskóla Önundarfjarðar er starfandi foreldrafélag sem á í góðu samstarfi við skólann. Eitt sameiginlegt félag er fyrir Leikskólann Grænagarð og Grunnskóla Önundarfjarðar. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur og sér um kosningu fulltrúa foreldra í skólaráð (Lög um grunnskóla nr. 91/ 2008, 9. gr). Foreldrafélagið sér um kaffisölu á árshátíðinni og hefur haldið ball á Öskudaginn. Einnig hefur félagið keypt sýningar fyrir skólana.

Hefðir og venjur

Grunnskóli Önundarfjarðar á sér margar rótgrónar en einnig nýjar hefðir og venjur. Þær móta að vissu leyti skólastarfið og eru ómissandi þáttur í starfinu.

Skólasetning

Grunnskólinn er yfirleitt settur í kringum 22. ágúst með ávarpi skólastjóra á sal. Síðan eru fundir með umsjónarkennurum þar sem vetrarstarfið er kynnt og nemendur fá stundaskrá. Þeir sem óska eftir geta fengið viðtali við umsjónarkennara að fundi loknum eða fyrir fund. Í upphafi skólaárs setja nemendur sér markmið sem verða síðan endurskoðuð í nóvemberviðtalinu.

Útivist

Mikil áhersla er lögð á útivist. Íþróttir eru úti frá 22. ágúst til 30. september og allan maí og fyrr ef veður leyfir. Sparkvöllur, körfuboltavöllur og skautasvell eru við skólann. Útikennsla skipar stóran sess í skólastarfinu allt árið um kring. Í september er tekinn einn göngudagur og er þá farið í göngu sem hentar hverju aldurstigi. Í maí er stefnt að því að vera sem mest úti með alla kennslu og búin til sérstök maídagsskrá með markmiðum kennslunnar og fyrirkomulagi. Einn af síðustu viðburðum maídagsskrárinnar er vorferð en hefð er fyrir því að hún sé óvissuferð. Stundum er vorferðin einn dagur en stundum er gíst eina nótt.



Skólabúðir í Reykjaskóla

7. bekkur fer alltaf í byrjun skólaárs í skólabúðir í Reykjaskóla í Vestur-Húnavatnssýslu frá mánudegi til fimmtudags. Allir skólarnir á norðanverðum Vestfjörðum fara saman í rútu og er þetta góð leið að tengja nemendur saman.

Starfið í skólabúðunum á í öllum aðalatriðum að beinast að sömu markmiðum og starfið í almennum grunnskólum. Í skólabúðunum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi uppeldis- og félagsleg markmið og að því stefnt:

- að auka samstöðu og efla samvinnu milli kennara og nemenda
- að auka félagslega aðlögun nemenda
- að þroska sjálfstæði nemenda
- að nemendur fáist við áður óþekkt viðfangsefni
- að nemendur kynnist nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta
- að örva löngun nemenda til að athuga og rannsaka umhverfið og komast að niðurstöðu
- að auka athyglisgáfu nemenda

Íþróttahátíðir

Skólinn tekur þátt í tveimur íþróttahátíðum. Sú fyrri kallast íþróttahátíð litlu skólanna, en þá taka nemendur í 1.-7. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar, Grunnskólanum á Suðureyri, Grunnskólanum á Þingeyri og Súðavíkurskóla þátt í skemmtilegum íþróttadegi þar sem skiptir ekki öllu máli að vera í fyrsta sæti heldur að eiga saman góðan dag með glensi og gamni. Síðari íþróttahátíðin er íþróttahátíðin í Bolungarvík fyrir 8.-10. bekk allra grunnskóla á Vestfjörðum.

Jólafröndur

Síðustu dagana fyrir jólafrí er unnið að jólakortagerð, jólaskrautsgerð, bakstri og fleiru tilheyrandi jólum. Skreytingardagur er í byrjun aðventu þar sem nemendur skreyta skólann. Nemendur fara í Klofningskóg og eiga þar góðan dag, velja jólatré og koma með heim og setja fyrir utan skólann og skreyta.

Litlu jól

Litlu jólin eru einn af okkar elstu siðum og er hátíðlegur. Þá mæta nemendur og starfsfólk þrúðbúið og eiga saman notalegan dag. Fyrirkomulag hefur verið með ýmsu móti síðustu árin og meðal þess sem gert hefur verið er að lesa jólasögu, skiptast á jólakortum, drekka kakó og borða smákökur, fara á jólaball á leikskólanum og enda daginn á jólamáltíð.

Upplestrarkeppnin í 7. bekk

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Mikilvægt er að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við þennan þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Fyrst keppa nemendur innbyrðis í skólanum og fer svo sigurvegarinn í lokahátíð sem allir skólarnir á svæðinu taka þátt í.

Árshátíð

Árshátíðin okkar er stærsti viðburður skólaársins. Í hana fer ómæld vinna og vinna ýmist allir nemendur saman að einni stórri sýningu eða stigin hvort í sínu lagi að tveimur styttri verkum

sem skiptast þá með kaffihléi. Í hléi sér foreldrafélagið um kaffisölu og eftir leiksýninguna er Sílaballið þar sem nemendur skemmta sér fram eftir kvöldi.

Skólasýning-opinn dagur

Í lok skólaársins er opinn dagur þar sem foreldrum og öðrum velunnurum skólans gefst tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu. Ákveðið er hverju sinni með hvaða hætti dagurinn verður. Stundum er um sýningu á verkum nemenda að ræða en stundum um ýmis þátttökuverkefni að ræða eða bland af hvoru tveggja.

Skólaslit

Skólaslit fara fram í sal skólans. Skólastjóri flytur ræðu og eru tónlistaratriði inn á milli. Unglingastig sýnir lokaverkefni sín. Nemendum er í lokin afhentur vitnisburður skólaársins eftir aldurstigum. Ef um útskrift er að ræða flytur umsjónarkennari nokkur orð til nemendanna. Útskriftarnemendur fá afhenta gjöf frá skólanum sem sýnir jafna virðingu fyrir verklegu og bóklegu námi auk þess sem þeir fá allir rós eða rötarskot. Við útskrift er boðið upp á tertu með áletrun og nöfnum útskriftarnema.

Áætlanir skólans

Móttökuáætlun nýrra nemenda

Móttökuáætlun grunnskólabarna

Markmiðið er að tekið sé á móti nýjum grunnskólanemendum þannig að öllum líði vel og séu öruggir um næstu skref. Skólastjóri ber ábyrgð á móttöku nýrra nemenda og sér til þess að allir séu upplýstir um komu nýs einstaklings í hópinn.

Móttaka nemenda sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk

Mikið samstarf er við leikskólann Grænagarð um heimsóknir elstu nemendanna þar upp í grunnskóla. Veturinn áður en nemendur hefja nám í 1. bekk koma þeir vikulega í grunnskólann og taka þátt í skólastarfinu. Áhersla er lögð á málörvun, hreyfingu og nám í gegnum leik sem hentar aldri og þroska. Þegar nemendur hefja formlega grunnskólagöngu er þau því kunnug húsnæðinu, þekkjast starfsfólkið og flesta nemendur.

Að hausti er tekið á móti verðandi 1. bekk og séð til þess að þau séu kynnt fyrir nýjum kennurum og nýjum nemendum ef einhverjir eru.

Nýir nemendur

Nemendur sem koma nýir í skólann að hausti, eða eftir að skóli er hafinn, koma ásamt foreldrum eða forráðamönnum í skólann og hitta skólastjóra og umsjónarkennara.

Umsjónarkennari tekur viðtal við foreldra/forráðamenn.

Gátlisti fyrir móttöku allra nýrra nemenda:

- Kynnast nemandanum og fá upplýsingar um bakgrunn hans og foreldra.
- Ganga um skólann og íþróttahúsið
- Afhenda stundaskrá og útskýra hvar upplýsingar um hagnýt atriði er að finna á heimasíðunni.
- Hvað þarf nemandinn að taka með sér í skólann, skólatösku, íþróttaföt o.þ.h.
- Hvernig er nestismálum háttað almennt.
- Tilkynningar um veikindi og leyfi.
- Samskipti foreldra og skólans.
- Upplýsingar um áhugamál nemandans.
- Aðgengi að tómstundum.
- Hvað á að gera ef vandamál koma upp.
- Dægradvöl.

Fá upplýsingar um:

- Fjölskyldu nemandans.
- Greiningar og námslega stöðu nemandans.
- Áhugamál og skapgerð nemandans.
- Þjónustupörf vegna fötlunar eða veikinda.
- Fá skriflegt leyfi foreldra til að birta myndir af nemandanum í miðlum skólans.

Móttökuáætlun erlendra barna

Þegar von er á nemenda af erlendu bergi í skólann er byrjað á að afhenda innritunareyðublað sem foreldrar fylla út í skólanum eða heima. Skólinn pantar túlk fyrir móttökuviðtal, ef þörf krefur, þar sem foreldrar og nemandi/nemendur mæta. Áætlað að viðtalið taki 1-2 klst. Í viðtalinu er farið yfir skóladagatal, skólareglur, innkaupalista, upplýsingar um mat og drykk o.s.frv. Í viðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um nemandann: Fjölskylduhagi, tungumál talað/töluð heima, fyrri skólagöngu, helstu styrkleika/veikleika nemandans og helstu áhugamál. Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram. Mælst til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki. Foreldrar beðnir að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar og einkunnir frá fyrri skóla í móttökuviðtalið.

Eftirfarandi þættir útskýrðir:

Stundaskrá bekkjar/nemanda. Farið yfir hverja kennslustund þannig að ljóst sé um hvaða námsgrein sé að ræða, reglur um íþróttir og sund útskýrðar. Staðsetning, fatnaður, reglur um sturtu og mætingar.

Ákveðið hvenær nemandi byrjar í skólanum.

Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.

Móttökuáætlun barna með sérþarfir

Í 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 segir: Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrá, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur með sérþarfir til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.

Skólastjóri og umsjónarkennari hafa umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir í skólanum í samráði við skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar. Skóla- og

sérkennsluráðgjafi aðstoðar við gerð einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af greiningum viðkomandi nemanda. Skipulag kennslu, náms og námsmats er einstaklingsbundið og kynnt hlutaðeigandi hverju sinni. Aðbúnaður og stuðningur til sérkennslu er hefðbundinn og reynt er að nýta tæknina eins og kostur er til að styðja við þarfir hvers nemanda.

Samstarf við skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar er mikið og náið í málefnum nemenda með sérþarfir. Samskipti eru hefðbundin og er Mentor og tölvupóstur nýttur til hins ítrasta.

Forvarnaráætlun

Grunnskóli Öndarfjarðar vinnur eftir forvarnarstefnu Ísafjarðarbæjar en þar að auki hafa verið sett nokkur markmið skólans í forvarnavinnu:

1. Vinna gegn vímuefnaneyslu barna á grunnskólaaldri

- Skólinn og allir starfsmenn hans hafa tekið skýra afstöðu gegn vímuefnaneyslu ungmenna og láta hana í ljósi.
- Öll neysla vímuefna ávana- og fíkniefna er bönnuð í skólanum. Ef einhver verður uppvís að slíku eru foreldrar látnir vita.
- Ef starfsfólk fær ábendingar um reykingar eða fíkniefnaneyslu nemenda eru foreldrar látnir vita.
- Skipulögð fræðsla um skaðsemi vímuefna er fastur liður í skólastarfinu.

2. Hvatning til hollra lífshátta og tómstunda

- Fjallað er um mikilvægi heilbrigðs lífennis í kennslu, t.d. í íþróttum, líffræði, heimilisfræði og lífsleikni.
- Áhersla er lögð á almenna þátttöku nemenda í félags- og tómstundastarfi.

3. Bætt samskipti og vinna gegn einelti

- Umsjónarkennarar vinna markvisst að því að efla góðan bekkjaranda og byggja upp persónuleg tengsl við nemendur sína.
- Tekið er á eineltismálum í samvinnu starfsfólks og foreldra.

5. Foreldrar verði virkir þátttakendur í leik og starfi barna sinna

- Foreldrar eru þátttakendur í skemmtunum skólans, árshátíð og kaffihúsi.
- Þrjú viðtöl yfir veturinn þar sem kennarar hitta nemendur og foreldra saman og farið yfir hvernig gengur, nemendur setja sér markmið fyrst að hausti, farið síðan yfir þau í nóvember, þau endurskoðuð og metin. Viðtal aftur í febrúar þar sem sama vinna fer fram.

Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Grunnskóla Öfundarfjarðar og skal ábendingum um slíkt komið tafarlaust til umsjónarkennara þeirra nemenda sem hlut eiga að máli eða skólastjóra. Það er á ábyrgð allra starfsmanna skólans að fara eftir þessari áætlun.

Í fyrsta lagi er skilgreining á einelti sú að: einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt og/eða andlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi eða jafnvel einstaklingum. Atferlið er endurtekið og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Tilviljanakennd stríðni, átök og ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Hlutverk allra starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda og efla forvarnir gegn einelti. Mikilvægt er að stjórnendur, kennarar og skólaliði komi upplýsingum um ætlað einelti sem allra fyrst til umsjónarkennara og/eða skólastjóra. Sama gildir um starfsmenn íþrótt- og félagsmiðstöðvarinnar.

Góðar forvarnaleiðir eru að:

- Umsjónarkennari hafi að öllu jöfnu vikulega umræðu í umsjónarbekk sínum um líðan, samskipti og hegðun.
- Umsjónarkennari setji reglur í bekknum um hegðun og samskipti í samvinnu við nemendur.
- Nemendur þjálfist í hópavinnu, tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.

- Skólinn stuðli að samvinnu heimila og skóla.
- Skólinn komi á fræðslu um einelti; fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra.
- Gæsla sé virk í frímínútum, matarhléum, íþróttahúsum og í ferðalögum á vegum skólans.
- Starfsmenn skólans ræði á fundum um samskiptaárekstra. Samskiptaárekstur er skilgreindur þannig að annar eða fleiri sem eiga í hlut komist í tilfinningalegt uppnám. Ef ástæða er til að ætla að slík uppákoma muni hafa áhrif á nemandann þegar heim kemur er reynt að hafa samband heim annars ekki.

Hlutverk nemenda skólans:

- Að koma upplýsingum um ætlað einelti til starfsfólks skólans, stjórnenda, námsráðgjafa eða foreldra.

Hlutverk foreldra:

- Að vera vakandi fyrir líðan, námsgengi og félagslegri stöðu barna sinna.
- Mikilvægt er að foreldrar tali af virðingu um skólann í áheyrn barna sinna. Það stuðlar að jákvæðum samskiptum og hegðun í skólanum. Jafnframt hvetjum við foreldra til að koma ábendingum, áhyggjum og gagnrýni beint til skólans.
- Að fylgjast vel með net- og símanotkun barna sinna, þar sem rafrænt einelti hefur aukist.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda utan skólatíma með samstarfi til dæmis með aðstoð og samvinnu við aðra foreldra.

Það sem starfsfólk, foreldrar og nemendur geta gert:

- Taka forvarnir alvarlega og reyna með þeim að koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað.
- Afla góðra upplýsinga þegar grunur leikur á einelti.
- Hvetja börnin til að segja frá ef þau hafa grun um einelti og styðja við bakið á þeim.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta háttætti sínu.

- Gera börnunum grein fyrir að einelti í skóla hefur áhrif á líðan, kennslu og nám allra nemenda í bekknum þar sem einelti viðgengst.
- Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust barna, sem fyrir því verða en einnig þeirra sem beita því.
- Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála.

Vinnureglur í Grunnskóla Önuarfjarðar ef grunur vaknar um einelti:

Könnunarstig:

Þegar upplýsingar berast um ætlað einelti til skólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki skólans fer eftirfarandi vinna af stað:

- A) 1) Umsjónarkennari viðkomandi nemanda leitar eftir upplýsingum frá nemendum, skólaliðum, kennurum og öðrum sem koma að skólastarfinu.
- 2) Umsjónarkennari sér um að fram fari skráning á hegðun og samskiptum þeirra nemenda sem í hlut eiga. Tekið skal fram að skráningarblöð eru geymd á öruggum stað, þar sem nemendur komast ekki að þeim. Skráning stendur að jafnaði í tvær vikur.
- 3) Umsjónarkennari getur lagt fyrir tengslakönnun. Umsjónarkennari ákveður næstu skref eftir eðli málsins.

B) Ef foreldrar (eða nemendur í samráði við foreldra) óska frekar eftir því að fá utanaðkomandi aðila til að taka málið að sér strax á upphafsstigi skulu þeir snúa sér til sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs. Þetta getur verið gott (bæði fyrir foreldra og skólann) til dæmis í eftirtöldum tilfellum:

- 1) Þar sem börn starfsmanna eru hugsanlegir gerendur eða þolendur eineltis.
- 2) Þegar starfsfólk nýtur ekki trausts foreldra til að taka á málinu.
- 3) Ef fyrri afskipti starfsfólks til að taka á eineltinu hefur ekki borið nægjanlegan árangur að mati foreldra.
- 4) Ef foreldrum finnst þægilegra að snúa sér beint til sviðsstjóra.

Framkvæmdastig:

- 1) Ef umsjónarkennari metur í samráði við aðra starfsmenn skólans eftir könnunarstig að ekki sé um einelti að ræða, þá skal foreldrum tilkynnt það.

- 2) Ef umsjónarkennari metur eftir könnunarstig að um einelti sé að ræða í bekknum gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.
- 3) Ef umsjónarkennari metur að um einelti sé að ræða sem nær út fyrir umsjónarbekk, vísar hann málinu til nemendaverndarráðs.
- 4) Umsjónarkennari gerir viðkomandi kennurum, skólastjórnendum og skólaliðum grein fyrir stöðu mála.
- 5) Allt ferlið er skráð í dagbók af umsjónarkennara og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.
- 6) Ákveðin vinna fer af stað eftir eðli málsins. Um getur verið að ræða:
 - a) Hópa vinna, þar sem til dæmis er unnið með styrkleika nemenda.
 - b) Vinnu í bekk þar sem umsjónarkennari og námsráðgjafi og/eða skólafélagsráðgjafi vinna saman með samskipti.
 - c) Einstaklingsviðtöl hjá þeim aðila sem heppilegastur er hverju sinni. Þetta á jafnt við um þolendur sem gerendur.
 - d) Fræðsla um samskipti og einelti.
 - e) Fundir með foreldrum nemenda.
 - f) Leitað eftir utanaðkomandi aðstoð ef þurfa þykir.

Ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur að mati þeirra sem vinna að málinu, vísa þeir málinu til nemendaverndarráðs ásamt dagbókarskráningu sinni á málsatvikum.

Vinnureglur nemendaverndarráðs í eineltismálum:

Nemendaverndarráð tekur tilvísun eineltismáls til umræðu á fundi. Þar er málið skoðað og fer það eftir eðli þess og vexti til hvaða aðgerða er gripið. Ákveðnum fulltrúum nemendaverndarráðs er falin umsjón áframhaldandi vinnu.

Nemendaverndarráð fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans er leitað til sérfróðra aðila í stoðkerfi skólans.

Rýmingaráætlun

1. Ef brunaboðar fara í gang eða annað hættuástand skapast fara nemendur á efri hæð inn á bókasafn og þar út um neyðarútgang sem liggur út á svalir. Þar er brunastigi og eru nemendur æfðir einu sinni á ári að fara niður hann. Nemendur á neðri hæð reyna ef kostur gefst að fara út um aðalinngang annars neyðarútgang við salernin.
2. Kennarar fara síðan yfir nafnalista úti. Safnsvæði er við bílastæði hjá sundlaug. Lagt er kapp á að nemendur gangi rólega og skipulega á eftir sínum kennara út og taki ekki með sér töskur, yfirhafnir og skó. Skólastjóri ber ábyrgð á því að kalla eftir aðstoð og að allir séu komnir út á réttum tíma.
3. Rýmingu skal æfa reglulega svo allir viti hvernig eigi að bregðast við.

Röð á aðgerðum:

1. Hringja: Kalla til aðstoð. Ef allt er með felldu er hringt frá vaktstöð til að kanna hvað valdi eldboðum. Svarið símanum ef mögulegt er, það flýtir fyrir. Ef ekki er hringt, skal strax gera ráðstafanir til að kalla til aðstoð.
 - a. Samræmt neyðarnúmer 112.
 - b. Talið skýrt og rólega, útskýrið vandamálið. Takið fram ef einhver hefur slasast.
 - c. Tilgreinið hvaða hús er um að ræða.
2. Bjarga: Yfirmaður tekur ákvörðun um rýmingu, deilir verkefnum á starfsfólk og tekur með nafnalistann. Mikilvægt er að starfsfólk sjái um þann hóp sem viðkomandi er að kenna hverju sinni. Hafa skal nafnakall eftir nafnalista þegar komið er á söfnunarstað. Þegar stofan er yfirgefin skal loka hurðum. Mikilvægt er að allir fari á söfnunarstað og bíði þar uns stjórnandi gefur leyfi til að yfirgefa staðinn. Ef í ljós kemur við nafnakall að einhvern vantar er mikilvægt að þær upplýsingar berist strax til Neyðarlínu og slökkviliðs.

3. Slökkva: Þegar stjórnandi sér að 1. og 2. liður á planinu eru að klárast og ef einhver er tiltækur skal hefja slökkvistarf. Rjúfið straum af húsinu ef hægt er að komast að rafmagnstöflunni. Taflan er í kyndikompu á fyrstu hæð. Slökkvitæki og brunaslanga eru í húsi, hver og einn á að kynna sér hvar slökkvibúnaður er staðsettur.
4. Slökkvilið kemur á staðinn. Yfirmaður gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
5. Láta foreldra vita. Hafa samband (eftir nafnalista) við foreldra / forráðamenn barna til að tryggja að upplýsingar um atburðinn berist eftir réttum leiðum.
6. Sálrænn stuðningur. Skólastjóri metur hvort leita þurfi eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og- eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.

Í ELDSVOÐA SKIPTA FYRSTU VIÐBRÖGÐ SKÖPUM

Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfi kannið alltaf hvað veldur boðunum

Ef ekki er eldur, þá endurstillið kerfið.

Ef eldur er laus, þá skal sett í gang.

Slysatrygging

Ísafjarðarbær hefur keypt slysatryggingu fyrir nemendur í skólum á hans vegum og tekur hún til örorku, dauða og slysakostnaðar samkvæmt ákveðnum reglum. Tryggingin gildir á skólatíma „hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða í leik á skólatíma“. Hún tekur ekki til ferða erlendis þó að þær séu farnar í tengslum við skólann. Tæknideild Ísafjarðarbæjar annast samskipti við tryggingarfélagið fyrir hönd skólanna. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð vegna slyss eða óhapps á skólatíma greiðir skólinn fyrir fyrstu heimsókn en ekki fyrir endurkomu.

Jafnréttisáætlun

Grunnskóli Öfundarfjarðar hefur jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Jafnréttisáætlun Grunnskólans tekur til allra þátta skólastarfsins, þ.e. náms, kennslu, námsframboðs, námsefnis, aðbúnaðar, starfsmannahalds, ráðninga, endurmenntunar, samskipta og samvinnu við heimilin. Skólastarf í anda jafnréttis á að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda, kynþætti, trú, kynferði, kynhneigð, fötlun eða hvort nemandi er nýbúi eða tvítyngdur.

Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður fullorðins fólks og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist jafnréttisáætlunin í tvo hluta, þ.e. fyrir nemendur og starfsmenn.

Það má líta á jafnréttisáætlun sem viljayfirlýsingu. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans. Hins vegar getur hann falið kennurum / starfsmönnum að semja hana og fylgja henni eftir. Árlega þarf að fara í gegnum áætlunina, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram. Einnig er nauðsynlegt að endurskoða jafnréttisáætlunina í heild sinni t.d. á þriggja ára tímabili.

Stefna og markmið – nemendur

Við röðun í námshópa skal leitast við að hafa sem jafnast hlutfall drengja og stúlkna í hverjum námshópi. Námsframboð og viðfangsefni skulu höfða til beggja kynja skal gæta jafnréttis í kynbundnu námsframboði. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.

Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans. Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

Sýna skal öllum nemendum virðingu óháð námsgetu, fötlun, þjóðerni, trúarbrögðum, litarhætti eða kynhneigð.

Námsmat

Skoða árlega einkunnir að vori í 4., 7. og 10. bekk og greina þær eftir kynjum. Ef í ljós kemur verulegur munur á einkunnum nemenda eftir kyni þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynja verði sem jöfnust. Hér gæti t.d. komið til að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa eða auka tímabundið við stuðning.

Stefna og markmið - starfsmenn

Leitast skal við að jafna eftir því sem kostur er hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum

innan skólans. Gæta skal jafnréttis við ráðningar starfsmanna og tilfærslur í starfi.

Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum. Möguleikar til tekjuöflunar skulu vera jafnir. Konur og karlar skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun. Gera skal starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

Allir starfsmenn eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri og virðing skal borin fyrir ólíkum skoðunum.

Sýna skal öllum starfsmönnum virðingu óháð þjóðerni, trúarbrögðum, litarhætti, fötlun eða kynhneigð.

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar

Jafnréttis og mannréttindaforvarnir í Grunnskóla Önundarfjarðar 2023-2026

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun.

Markmið og tilgangur með lögnum er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Þar sem starfsmenn skólans eru færri en 25 þarf skólinn sem vinnustaður ekki að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsfólki eru tryggð réttindi samkvæmt 19. – 22. gr. jafnréttislaga. Hins vegar ber skólanum sem menntastofnun að uppfylla 22. og 23. gr. laganna gagnvart nemendum sínum.

Starfsfólk Grunnskóla Önundarfjarðar vinnur að jafnrétti kynja í stofnuninni. Ásamt því að stuðla að því að einstaklingar verði metnir á eigin forsendum, fái að njóta mannréttinda án tillits til upprunar, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar miðast við bæði nemendur og starfsmenn.

Aðaláherslan í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái góðum árangri og að skólastarfið eflist og styrkist. Þannig ná allir að þroskast og sýna framfarir á sínum forsendum. Við leitumst við að efla gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti sem og að skapa góðan starfsanda. Réttur allra til að líða vel er höfuð markmið okkar.

Nemendur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á sínum forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, jafnréttis, umburðarlyndis, víðsýnis og réttlætis. Einnig er kveðið á um mikilvægi þess að kenna börnum og ungmönnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar.

Í viðburðum á vegum skólans skal hafa í huga að hlutfall kynja sé sem jafnast. Einnig skal hafa þetta í huga þegar valið er í nemendaráð og aðrar slíkar nefndir. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar og annarra. Starfsfólk þarf að virða tilfinningar nemenda og gefa þeim færi á að tjá sig án þess að mismuna þeim. Lögð verður áhersla á að kennsluaðferðir og námsgögn mismuni ekki nemendum svo allir nemendur hafi jafnan rétt til náms. Það þarf því að fara yfir námsgögn reglulega til að fullvíst sé að engin mismunun eigi sér stað. Fræðsla um jafnrétti er kennd í samþættingu við aðrar námsgreinar og fléttast inn í skólastarfið sem leiðir til þess að starf nemenda einkennist af jafnrétti. Lögð er áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Þar er starfsfólk fyrirmynd og unnið að þessu markmiði saman.

Starfsfólk

Lögð er áhersla á að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttislaga og auglýst starf standi opið jafnt konum og körlum. Skólinn hefur þá stefnu að reyna eftir bestu getu að jafna hlutfall kvenna og karla á vinnustaðnum. Í 20.gr.laga nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla kemur fram að störf sem laus er til umsóknar skulu standa opin jafnt konum og körlum. Konur og karlar í Grunnskóla Önundarfjarðar njóta sömu launakjara, hafa jafnan möguleika á breytingum á vinnuaðstæðum s.s. launuðum aukastörfum, stöðuhækkunum og stöðubreytingum, ásamt því að eiga jafnan rétt að launaðri yfirvinnu í hvaða formi sem er. Starfsfólki eru tryggðir sömu möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni. Lögð verður áhersla á að starfsfólk geti samræmt störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum sínum með sveigjanlegri vinnutíma, hlutastörfum eða með öðrum umsömdum hætti. Samkvæmt 19. – 22 gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu

atvinnurekendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Öllum starfsmönnum skal vera ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni viðgengst ekki í stofnuninni. Mikilvægt er að starfsmönnum sé ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hefur margar birtingarmyndir svo sem látbragð, orðbragð eða gjörðir, en slíkt skulu starfsmenn aldrei þurfa að sætta sig við.

Framkvæmd og eftirfylgni

Í skólanum fylgja kennarar og stjórnendur áætluninni eftir. Áætlað er að mæla árangur áætlunarinnar með reglubundnu millibili, meðal annars í starfsmannasamtölum, viðhorfskönnunum meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna. Einnig eru spurningar í Skólapúlsinum, matstæki skólans, sem mæla tíðni þessara þátta. Niðurstöðurnar eru kynntar starfsfólki skólans.

Áfallaáætlun

Allt starfsfólk er í áfallateymi skólans. Skólastjóri er tengiliður við utanaðkomandi aðila.

Það er ákvörðun teymis að meta þörf þess að kalla til utanaðkomandi aðila og þá einnig hverja á að kalla til.

Andlegum áföllum barns og starfsfólks ber að sinna eins og best verður á kosið hverju sinni. Skólinn er samfélag þeirra sem þar starfa, nemenda og starfsmanna. Ef hringt er til skólans einn daginn og tilkynnt um alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall nemenda, starfsmanns eða einhvers náins aðstandenda nemanda/starfsmanns þarf skólinn að vera við því búinn.

Mikilvægt er að aðstandendur tilkynni öll áföll sem fyrst til kennara, skólastjóra eða annarra í áfallateymi. Sá sem fær upplýsingarnar fyrst kemur þeim til skólastjóra.

Hlutverk áfallateymis er að hafa verkstjórn við válega atburði, útbúa vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki.

Markmið :

- Að styrkja starfsfólk svo þeir geti brugðist rétt við áföllum sem upp geta komið innan skólans.
- Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.
- Að hjálpa hvert öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan skólans eða hafa áhrif inn í skólann.
- Að efla þekkingu starfsmanna á sorg og áföllum.

Áætlun :

- Allt starfsfólk skólans myndar áfallateymi sem er ábyrgt fyrir viðbrögðum þegar á reynir.
- Ef starfsfólk fær vitneskju um dauðsfall eða áfall sem tengist skólanum skal strax láta skólastjóra vita og sér hann um að kalla saman áfallateymi og stjórna aðgerðum.
- Ef dauðsfall ber að utan opnunartíma skólans hringir skólastjóri í starfsfólk og ákveður hvað gert verði að skólans hálfu í samráði við áfallateymi eða sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.
- Ef dauðsfall eða áfall á sér stað á opnunartíma þarf að grípa strax til viðeigandi ráðstafana og síðan kemur áfallateymi saman og leggur á ráðin um aðgerðir.

Viðbrögðum má skipta í tvennt: Annars vega fyrstu viðbrögð og hins vegar eftirfylgd með barninu/starfsmanni og er því stjórnað af áfallateymi.

Fyrstu viðbrögð er að sýna samúð og skilning og hafa kyrrðarstund með börnum og starfsfólki. Mikilvægt er að starfsfólk þekki viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að veita áfallahjálp. Mikilvægt er að starfsfólk fái fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð.

Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Áfallateymið skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Það skal jafnframt sjá til að allt starfsfólkið fái stuðning og aðstoð.

Skrámur og minniháttar meiðsli eru meðhöndluð af kennurum og starfsfólki skólans. Ef minnsti grunur leikur á því að nemandi þurfi að komast til læknis t.d. til að láta sauma sár eða búa um meiðsli þá fer starfsmaður skólans með hann á heilsugæslustöð og haft er samband við foreldra og ætlast til þess að þeir komi á heilsugæslustöðina og taki við umönnun hans.

Ef alvarlegt slys eða dauðsfall ber að höndum á skólatíma hvort sem er hjá nemanda eða kennara er kallaður til læknir og sjúkrabíll og umönnun viðkomandi sett í hendur heilsugæslunnar. **Strax er haft samband við aðstandendur.**

Beri alvarlegt slys eða dauðsfall að á skólatíma er unnið eftir sérstöku áfallaferli. **Mikilvægt að allir nemendur fari í sínar heimastofur** þar sem umsjónarkennari eða skólastjórnandi gerir grein fyrir aðstæðum og róar nemendur. Nauðsynlegt er að nemendur viti í grófum dráttum hvað gerðist en fari ekki heim óvissir og með allskonar sögusagnir í kollinum. Í þeim bekkjum sem tengjast mest þeim slasaða eða látna er unnið eftir ákveðnu áfallaferli sem getur jafnvel náð til alls skólans þar sem samfélagið er svo lítið hér á Flateyri.

Ef að til þess kemur að nota þurfi áfallaáætlun þá eru það skólastjóri og umsjónarkennarar sem halda utan um þá vinnu.

Áföll sem þessi áætlun tekur til eru m.a.:

- Dauðsfall innan skólans, hjá nemanda eða starfsmanni.
- Alvarleg, lífshættuleg veikindi nemenda eða starfsmanna.
- Stærri slys innan skólans hjá nemanda eða starfsmanni þar sem kalla þarf til lækni og / eða sjúkrabíl.
- Dauðsfall í nánustu fjölskyldu nemanda (foreldrar, systkini).
- Hópslys innan sveitarfélagsins þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.
- Náttúruhamfarir í eða nærri heimabyggð.

Skólareglur

Í grunnskólalögum segir, að nemendum beri að hlíta fyrirætlum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkini. Í Grunnskóla Öfundarfjarðar eru í gildi skólareglur sem birtar eru í heild á vef skólans. Auk þess eru þær kynntar fyrir nemendum og foreldrum í byrjun skólaárs. Tilgangurinn með skólareglum er að samskiptin og starfsemin í skólanum gangi vel og árekstrarlaust. Hér á eftir eru tilgreind og áréttuð nokkur ákvæði úr skólareglunum. Að öðru leyti er inntak þeirra það, að öll samskipti í skólanum skuli grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Skólareglur Grunnskóla Öfundarfjarðar gilda alls staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans.

Ef foreldri tilkynnir ekki forföll eða veikindi nemanda samdægurs er litið á það sem óheimila fjarvist.

Nemendum er óheimilt að vera með gosdrykki eða sælgæti á skólatíma. Þetta gildir ekki um skólaskemmtanir. Sælgæti sem tekið er af nemendum er geymt hjá skólastjóra og geta foreldrar vitjað þess þar.

Allir nemendur skulu vera úti í frímínútum nema annað sé ákveðið. Þeir skulu því ætíð koma í skólann klæddir í samræmi við veður og tíðarfar.

Á skólaferðalögum skulu nemendur taka þátt í skipulagðri dagskrá og hlíta fyrirætlum fararstjóra. Brjóti nemandi á skólaferðalagi gegn fyrirætlum, skólareglum eða lögum getur fararstjóri sent hann heim á kostnað foreldra.

Nemandi sem brýtur ítrekað gegn skólareglum verður boðaður á fund ásamt foreldrum sínum og skólasálfræðingur fenginn til aðstoðar. Þar verður í sameiningu leitað leiða til úrbóta.